

Stórsýningin Verk og vit



2026 Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöll 19.–22. mars



BLAÐSÍÐA 2

Elsa Giljan Kristjánsdóttir, sýningarstjóri Verk og vit, segir að markmið sýningarinnar hafi ávallt verið skýrt; að auka tengslamyndun og viðskiptasambönd milli fyrirtækja, stofnana og fagaðila og auka jafnframt vitund almennt um mikilvægi mannvirkja- og byggingariðnaðarins.



BLAÐSÍÐA 14

Keflavíkurlugvöllur skapar mikið af störfum og er með mjög metnaðarfull uppbyggingaráform og mun halda áfram að skapa störf og eflast sem millilandaflugvöllur til framtíðar. Kadeco er að styðja við þá uppbyggingu og fá sem mest út úr þeim tækifærum sem flugvöllurinn skapar.



BLAÐSÍÐA 16

Trefjar eru rótgróið fyrirtæki í Hafnarfirði sem verða á ný með sýningarbás á Verk og vit. Síðast stilltu þau upp stærðarinnar potti og vandaðri saunu. Þetta vakti mikla athygli gesta sýningarinnar og til stendur að endurtaka leikinn og bæta jafnvel um betur og setja upp pergólu í Laugardalshöllinni.



BLAÐSÍÐA 18

Ráðgafa- og þjónustufyrirtækið HSE fagnar 10 ára afmæli á árinu. Nálgun HSE í gæðamálum felst í að einfalda stjórnkerfi viðskiptavina og tryggja einfalda en markvissa mælikvarða sem nýtast fyrirtækjum í daglegum rekstri. Bæði til stöðugra umbóta og einnig til hagnýtra viðmiða utan fyrirtækis.



Spegill iðnaðarins

Dagana 19.-22. mars 2026 verður stórsýningin Verk og vit haldin í sjöunda sinn í Laugardalshöllinni. Sýningin hefur verið einn mikilvægasti viðburður mannvirkja- og byggingariðnaðarins á Íslandi frá upphafi, en nú eru tuttugu ár liðin frá því hún var fyrst haldin.

Sýningin hefur að jafnaði verið haldin annað hvert ár. Í gegnum árin hefur Verk og vit vaxið og dafnað og gegnt lykhlutverki í því að efla tengsl, miðla þekkingu og styðja við þróun innan iðnaðarins.

Elsa Giljan Kristjánsdóttir, sýningarstjóri sýningarinnar frá upphafi, segir að markmið hennar hafi ávallt verið skýrt: að auka tengslamyndun og viðskiptasambönd milli fyrirtækja, stofnana og fagaðila og auka jafnframt vitund almennt um mikilvægi mannvirkja- og byggingariðnaðarins.

„Sýningunni er ætlað að sameina iðnaðinn á einum stað, þannig að fyrirtæki, stofnanir og gestir geti hámarkað ávinning sinn í formi fræðslu, upplifunar, þjónustu og tengslamyndunar,“ segir Elsa Giljan. Hún bætir við að sýningarnar hafi ávallt einkennst af fjölbreyttum hópi sýnenda, sem spannar alla helstu þætti tengda mannvirkjagerð, byggingariðnaði og skyldum greinum.

Frábærar viðtökur

Verk og vit hefur frá upphafi fengið góðar viðtökur hjá fyrirtækjum og stofnunum enda mikilvægur fundarstaður. Það á einnig við fyrir Verk og vit 2026 þar sem sýningarsvæðið er nær fullbókað. Samhliða sýningunum hafa fjölbreyttir viðburðir farið fram þar sem byggingariðnaður, skipulagsmál, mannvirkjagerð og menntamál hafa verið til umfjöllunar. Það




Elsa Giljan Kristjánsdóttir, sýningarstjóri Verk og vit.

sama á við um sýninguna Verk og vit 2026, þegar um 100 sýnendur munu kynna vörur og þjónustu sína í Laugardalshöll. Samtals sóttu um 25.000 gestir síðustu tvær sýningar, sem er sá fjöldi sem höllin rúmar fyrir viðburð af þessari stærðargráðu.

Meðal sýnenda hafa verið byggingaverktakar, verkfræðistofur, tækjaleigur, hugbúnaðarfyrirtæki, menntastofnanir, fjármálafyrirtæki, ráðgjafafyrirtæki og sveitarfélög. Þessi fjölbreytileiki endurspeglar breiddina í iðnaðinum og sýnir mikilvægi þess að bjóða upp á sameiginlegan vettvang þar sem fagfólk getur deilt reynslu, frætt og dýpkað samstarf.

Sterkur tengipunktur fyrir atvinnulífið

Aðspurð um þróun sýningarinnar í gegnum tíðina, segir Elsa að hver sýning hafi í raun verið ákveðin speglun á stöðu markaðarins á hverjum tíma fyrir sig. „Sýningin hefur alltaf endurspeglad þann veruleika sem iðnaðurinn býr við hverju sinni. Hún hefur verið vettvangur fyrir stöðugreiningu,



Frá Verk og vit sýningunni 2024.

samtal og lausnaleit á breiðum grundvelli,“ segir Elsa. „Þegar lítið er yfir síðustu tuttugu ár má með sanni segja að Verk og vit hafi sannað gildi sitt sem lykilvettvangur fyrir mannvirkja- og byggingariðnaðinn.“

Að hennar mati hefur sýningin gegnt sérstaklega mikilvægu hlutverki á öllum tímum. Í sögulegu ljósi hefur sýningarhald ítrekað reynst einn öflugasti vettvangur-

inn til að efla samstarf, sameina aðila og stuðla að uppbyggingu. Sýningar skapa vettvang til að samstillja aðgerðir sama hvernig árferðið er. „Í því samhengi hefur Verk og vit reynst mikilvægur vettvangur til að styrkja samstöðu, samvinnu og áframhaldandi uppbyggingu,“ segir Elsa Giljan að lokum.

AP almannatengsl eru framkvæmdaraðili sýningarinnar.

Stórsýningin Verk og vit



2026 Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöll 19.–22. mars



verkogvit.is

AP almannatengsl er framkvæmdaraðili sýningarinnar

SAMSTARFSADILAR



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið



BYKO





Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins.

Byggingariðnaðurinn er burðarás samfélagsins

Byggingariðnaður er ein af undirstöðugreinum hvers samfélags. Hann mótar umhverfi okkar og tryggir að þjóðin hafi húsaskjól, atvinnuhúsnæði og innviði sem þola álag samtíms. Jóhanna Klara Stefánsdóttir er sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins og þekkir vel til í þessari atvinnugrein. Hún segir að á Íslandi gegni greinin lykhillutverki og skipti sköpum fyrir vöxt, lífsgæði og framtíðarsýn landsins. Samt sem áður sé hún oft vanmetin og jafnvel töluð niður í umræðu um samfélagslega þróun og mikilvægi.

Stærðargráðan sett í samhengi

„Staða byggingariðnaðarins hér á landi er öflug og efnahagsleg áhrif atvinnugreinarinnar eru mikil. Velta greinarinnar nemur 655 milljörðum króna á ári, sem jafngildir því að í hverri einustu viku er í íslenskum byggingariðnaði er unnið að verkefnum að verðmæti yfir 12,6 milljarða króna,“ segir Jóhanna Klara. Hún segir að innan greinarinnar starfi um 19 þúsund manns eða nær 9% af öllum starfandi. Þá sé skattspor iðnaðarins hátt eða 188 milljarðar króna. „Þessar tölur sýna okkur hversu stóran þátt greinin á í að fjármagna sameiginlega þjónustu, menntun, heilbrigðiskerfi og innviði.“

Jóhanna Klara segir að ekki megi heldur gleyma fjölda fyrirtækja í greininni. „Þau eru um 2.500 talsins og mynda fjölbreytta virðiskæðju, frá verkfræði- og arkitektastofum til smíða, frá jarðvinnu- og byggingaverktökum til malbikunar stöðva og frá húseinangar framleiðslu til þekk-

ingarfyrirtækja. Þetta eru bæði lítil og stór fyrirtæki, dreifð um landið allt, sem öll eiga það sameiginlegt að leggja sitt af mörkum til að byggja Ísland upp.“

Frá torfbæjum til tæknivæddra mannvirkja

Íslenskur byggingariðnaður hefur frá upphafi tekist á við séríslenskar áskoranir, eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð, vindkælingu og vatnsefni og skapað úr því búsetuskilyrði sem standast samanburð við fremstu ríki. Jóhanna Klara segir að saga byggingar á Íslandi sé saga þróunar og þrautseigju. Frá fyrstu torfbæjum landnámsmanna til steinsteypu blokkanna, nauðsynlegra innviða og glæsilegra menningarhúsa nútímans, hafi byggingariðnaðurinn ávallt verið í forgrunni samfélagslegrar umbreytingar. „Það er því engin tilviljun að stór hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar tengist byggingum og mannvirkjum, hvort sem það eru þorpin við sjávarsíðuna, virkjanir, samgöngumannvirki eða háhýsi miðborgarinnar. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að hlúa að þessari undirstöðugrein til framtíðar,“ segir Jóhanna Klara.

Áskoranir sem takmarka getu greinarinnar

Þrátt fyrir sterka stöðu stendur byggingariðnaðurinn frammi fyrir töluverðum hindrunum segir Jóhanna Klara. Ný skýrsla Alþjóðabankans undirstriki meðal annars að íslenskur byggingariðnaður, líkt og önnur fyrirtæki í landinu, glímur við verulegar áskoranir í starfsumhverfinu. „Þar kemur m.a. fram að helsta hindr-

un í rekstri fyrirtækja sé skortur á mannauði með næga menntun og þjálfun. Um 19% stjórnenda íslenskra fyrirtækja nefna þetta sem alvarlegustu hindrunina, hæsta hlutfallið í öllum þáttum könnunarinnar.“

Hún segir að sérstaklega hafi verið skortur á iðnmenntuðu fólki hér á landi og árlega sé 600-1.000 nemendum vísað frá iðnnámi vegna skorts á fjármagni og húsnæði. „Þetta er grafalvarlegt í ljósi mikillar eftirspurnar eftir iðnmenntuðu starfsfólki og vaxtar í byggingargeiranum. Vandinn hefur áhrif á afkastagetu, gæði framkvæmda og hraða uppbyggingar. Til að byggja framtíðina þurfum við ekki aðeins vélar og efni, við þurfum líka fólk með viðeigandi þekkingu og menntun.“

Þá segir Jóhanna Klara að einnig hafi leyfisveitingarferli reynst flókið og tímafrekt en langt leyfisveitingaferli dragi úr vilja til fjárfestinga og uppbyggingar. „Könnun Alþjóðabankans undirstrikar þetta en þar kemur fram að fyrirtæki hér á landi standi frammi fyrir verulegum töfum á afgreiðslu opinberra leyfa. Að meðaltali tekur t.d. 109 daga að fá byggingarleyfi samanborið við 92 daga í Evrópu og Mið-Asíu. Einnig hefur verið bent á að skortur á lóðum sé verulega takmarkandi þáttur í uppbyggingu og við hjá Samtökum iðnaðarins teljum mikla þörf á endurskoðun skipulagsmála.“

Hún segir að þegar framkvæmdir dragist eða stöðvist vegna tafa í ferlum þá þýði það ekki einungis tafir fyrir framkvæmdaaðila, heldur einnig fyrir heimilin, fyrirtækin og

samfélagið sem bíða eftir nýju húsnæði, skólum, vegum eða heilbrigðisstofnunum.

Getum orðið leiðandi í sjálfbærri mannvirkjagerð

En í áskorunum liggja einnig tækifæri. Jóhanna Klara segir að með því að einfalda leyfisferli og hraða skipulagi, auka menntun og þjálfun í iðngreinum, nýta nýjustu tækni og hvetja til nýsköpunar í framkvæmdum, geti Ísland verið þátttakandi í að móta mannvirkjagerð til framtíðar. „Við sjáum nú þegar þróun í átt að sjálfbærri byggingum og aukna áherslu á bættu orkunýtingu og lækkan kolefnisspors.“

Hún segir að það sé ljóst að samfélagið muni áfram krefjast uppbyggingar nýrra hverfa, endurnýjaðra samgangna, skóla og framtíðar heilbrigðiskerfis sem kalli á áframhaldandi kraft frá byggingariðnaðinum og skýra sýn stjórnvalda. „Íslenskur byggingariðnaður er ekki aðeins mikilvægur í efnahagslegu samhengi, hann er burðarás í samfélagslegri framtíðarsýn. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að styðja við greinina og bæta hana, skapa skilyrði fyrir áframhaldandi vöxt og tryggja að unga fólkið sjái framtíð í iðngreinum.“

Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla stórsýningarinnar Verk og vit. „Það er mikilvægt að við höfum í huga að allt sem við eigum, frá leikskóla til verkstæðis og frá sjúkrahúsi til heimilis, sé til orðið fyrir tilstuðlan þeirra sem byggja. Þeirra sem mæta snemma til vinnu með verkfæri í hönd og leggja sitt af mörkum til að gera Ísland að samfélagi,“ segir Jóhanna Klara að lokum.

Samman byggjum við Ísland

Byggingar- og mannvirkjagerð skapar þúsundir starfa og skilar ár hvert umtalsverðu framlagi til samfélagsins.

Með öflugri samvinnu arkitekta, iðnmeistara, verkfræðinga og verktaka stöndum við vörð um fagmennsku og framtíðaruppbyggingu Íslands.



Verðmæt atvinnugrein

19.000 starfandi

655 milljarða króna velta

2.500 fyrirtæki

188 milljarða króna skattspor

Félag ráðgjafarverkfræðinga | Félag blikksmiðjueigenda | Félag dúklagninga- og veggfóðrarmeistara
Félag skruðgarðyrkjumeistara | Mannvirki – félag verktaka | Málarmeistarafélagið
Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi | Meistarafélag byggingarmanna í Vestmannaeyjum
Meistarafélag húsmiða | Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði | Meistarafélag Suðurlands
Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum | Múrarmeistarafélag Reykjavíkur | Samtök innviðaverktaka
Samtök mannvirkjafyrirtækja á Austurlandi | Samtök rafverktaka | Samtök arkitektastofa

BYKO leggur línurnar fyrir byggingargeirann

Við hjá BYKO höfum verið þátttakendur í Verk og vit frá upphafi og hlökkum ávallt mikið til þessarar mikilvægu sýningar. Básarnir okkar hafa á undanförunum árum endurspeglad áherslu okkar á umhverfismál þar sem við höfum bæði endurnýtt hluta básanna í eigin verslunum og nýtt þá áfram í aðrar sýningar. Þessi nálgun endurspeglar stefnu BYKO í átt að sjálfbærari framtíð og styður við þá vegferð sem húsbýggjendur og aðrir sem standa í framkvæmdum eru á og verða á um nánustu framtíð. Enda búið að setja inn ýmsar umhverfiskröfur í útbóðs- og verklýsingar hönnuða og eigenda verkefna hvort heldur fyrir einkageirann eða opinbera aðila,“ segir Kjartan Long, verkefnastjóri nýsköpunar hjá BYKO.

Kjartan segir að áhersla BYKO á Verk og vit hafi alla tíð verið að kynna nýjungar bæði í vöruframboði og fyrirlesturum, bæði á bás fyrirtækisins og í fyrirlestrasölum sýningarinnar. „Samtal við viðskiptavini og samstarfsaðila hefur verið okkur afar mikilvægt, og þannig þróum við vöruframboð okkar og þjónustu með það að markmiði að þjónusta viðskiptavini okkar sem best. Þessi samtöl eiga sér oft stað á sýningunni enda má segja að allur byggingargeirinn mæti á þessa uppskeruhátíð sem Verk og vit er,“ segir hann.

Heildarlausnir í vistvænum byggingum

Á sýningunni árið 2022 kynnti BYKO nýjungar í utanhúsklæðningum, sem síðan hafa vaxið ört í vinsældum á meðal verktaða. „Í dag er þessi vöruflokkur orðinn



Kjartan Long, verkefnastjóri nýsköpunar hjá BYKO, Sigurður Pálsson forstjóri og Renzo Passaro, rekstrarstjóri timburverslunar.

vel þekktur hjá okkur, hvort sem er fyrir gæði, gott vöruúrval, nýjungar og framúrskarandi þjónustu. Við kynntum einnig fyrst allra Svansvottaðan glugga fyrir íslenskar aðstæður og teljum við hann mikilvæga viðbót við vöruframboð okkar. Svansvottunin staðfestir bæði gæði og umhverfisábyrgð vörunnar og hefur styrkt stöðu okkar í að bjóða heildarlausnir í vistvænum byggingum,“ segir Kjartan.

Á sýningunni 2024 kynnti BYKO einnig fullbúin hús og stóð sýningarhús fyrir utan sýningarhöllina. „Þar var gríðarleg

traffík alla sýningardagana. Þessi vara hefur slegið í gegn og við höfum fengið til okkar marga nýja viðskiptavini hvaðanæva að af landinu, sem hafa keypt fullbúin hús til notkunar sem gestahús, ferðabjónustuhús eða jafnvel sem einbýlishús til ársins um kring. Við seldum sýningarhúsið í kjölfar sýningarinnar, en í dag erum við með nýtt sýningarhús fyrir utan verslun okkar í Breiddinni, þar sem við fáum áfram mikla aðsókn að skoða. Húsið er stórglæsilegt og sérstaklega vandað til að standast strangar kröfur viðskiptavina okkar,“ segir hann.

Kjartan nefnir að undanfarin misseri hafi BYKO aukið áherslu á innflutning og kynningu á nýjum vörum sem hjálpa til við að tryggja rakavörn og vatnsþéttingu í votrymum. Þar má nefna vatns- og rakavarnarplötur, vatnshelda dúka og ný þéttiefni sem eru ferskar nýjungar á markaði, henta íslenskum aðstæðum og bjóða upp á margvíslega möguleika.

Farsælt samstarf við Tækniskólann

„BYKO hefur einnig átt farsælt samstarf við Tækniskólann á síðustu Verk og vit sýningum, þar sem við höfum meðal annars byggt hús frá grunni og sýnt handverk í múrverki og fleiri greinum. Þessi þátttaka undirstrikar skuldbindingu okkar við menntun og þekkingu í byggingariðnaðinum. Að auki höfum við nú komið

upp eigin kennslurými á Skemmuvegi 2, þar sem við fræðum bæði starfsfólk okkar og viðskiptavini um nýjungar í vöruúrvali og meðhöndlun þeirra á verkstað,“ segir Kjartan.

Á næstu Verk og vit sýningu mun BYKO vera með vísun á nýjan og glæsilegan sýningarsal fyrirtækisins á Skemmuveginum, sem opnaður var fyrr á þessu ári. Salurinn er ætlaður hönnuður, verktökum og einstaklingum til að fá innblástur og hugmyndir að efnisvali, hvort sem við ræðir glugga, hurðir, klæðningar, stálgrindarhús eða fjölbreytt úrval umhverfisvænna timburklæðninga.

„Það ætti því ekki að koma neinum á óvart að BYKO ætlar að kynna fjölmargar spennandi nýjungar á næstu Verk og vit sýningu. Við hlökkum mikið til að hitta samstarfsaðila, viðskiptavini og aðra gesti, eiga góð samtöl og sýna það sem við höfum að bjóða. Við hjá BYKO erum stolt af okkar þátttöku í Verk og vit – vettvangi sem hefur reynst mikilvægur fyrir þróun byggingariðnaðarins á Íslandi – og ætlum okkur að halda áfram að vera í fararbroddi þegar kemur að nýsköpun, þjónustu og sjálfbærni,“ segir Kjartan enn fremur.



Ný sýningarsalur BYKO á Skemmuvegi 2.



 Styrkás

Þjónusta við
uppbyggingu

www.styrkas.is



SÖLUTRUST



Arnaldur Gauti Johnson, framkvæmdastjóri Sölutrusts.

Mikilvægt að réttur búnaður og þekking sé til staðar

Sölutrust er rúmlega 20 ára gamalt fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á fjölbreyttum öryggisvörum, svo sem sjúkrakössum, mengunarvarnabúnaði og öryggismerk-ingum og nú nýlega slökkvitækjum og hjartastuðtækjum. Frá upphafi hefur áhersla verið lögð á góða og persónulega þjónustu, með það að markmiði að styðja fyrirtæki við viðhald og endurnýjun á öryggisbúnaði ásamt faglegri ráðgjöf. Á seinni hluta árs 2024 tóku nýir eigendur við rekstri Sölutrusts og er stefnt að markvissri uppbyggingu fyrirtækisins, bæði með auknu vöruúrvali og bættri þjónustu. „Fjöldi spennandi nýjunga er í þróun og verður hluti þeirra kynntur í fyrsta sinn á Verk og Vit sýningunni. Þetta er í fyrsta skipti sem Sölutrust tekur þátt í sýningunni og lítum við á þetta sem dýrmætt tækifæri til að hitta núverandi og tilvonandi viðskiptavinum, kynna vörurnar okkar og þjónustu. Og ekki síður að fá loksins að hitta andlitin á bak við þau símtöl og tölvupóstsamskipti sem við eigum reglulega við okkar viðskiptavinum,“ segir Arnaldur Gauti Johnson, framkvæmdastjóri Sölutrusts.

Vitundarvakning í öryggismálum
Sölutrust stefnir að því að vera leiðandi í heildarlausnum í

öryggismálum fyrir fyrirtæki. Arnaldur segir að það hafi orðið mikil vitundarvakning í öryggismálum á undanförunum árum og bæði fyrirtæki og starfsfólk séu sífellt meðvitaðri um mikilvægi þess að vera undirbúin og með rétta búnaðinn við höndina. „Við höfum heyrt ótal raunverulegar sögur þar sem líf og limir hafa bjargast með réttum búnaði, hvort sem um er að ræða sjúkrakassa, hjartastuðtæki eða slökkvitæki, og þar sem mínútur eða jafnvel sekúndur réðu úrslitum.“

„Margar af þeim vörum sem við seljum eru vörur sem við öll vonumst til að þurfa aldrei að nota. En ef eitthvað kemur upp á þá erum við svo ótrúlega þakklát að hafa þær til staðar. Þá gerir réttur búnaður gæfumuninn.“

Það skiptir því máli að ekki einungis sé búnaðurinn til staðar, heldur að hann sé í fullkomnu lagi og tilbúinn til notkunar. „Þá er einnig mikilvægt að næg þekking sé til staðar,“ segir Arnaldur.

Sérstaða í þjónustunni og breiðu vöruframboði

Sölutrust þjónustar í dag mörg af stærstu fyrirtækjum landsins þar á meðal hótél, ferðabjónustufyrirtæki, skóla, byggingarfyrirtæki, stofnanir o.m.fl. um allt land.

Sölutrust býður fyrirtækjum upp á reglulega áfyllinga- og

viðhaldsþjónustu fyrir sjúkrakassa, slökkvitæki og hjartastuðtæki. „Þjónustan er veitt án endurgjalds fyrir viðskiptavinum okkar og felur einnig í sér ráðgjöf um öryggismál og úttekt á stöðu búnaðar,“ segir Arnaldur. „Sölu-menn fyrirtækisins ferðast reglulega um landið, sinna þjónustu og veita ráðgjöf og tryggja þannig að fyrirtækin séu ekki aðeins með réttan búnað á staðnum, heldur að hann sé í lagi og tilbúinn ef á þarf að halda.“

Arnaldur segir að það sé mikið hagræði og þægindi fyrir fyrirtæki að geta fengið allar öryggis-tengdar vörur og einnig ráðgjöf á einum og sama staðnum. „Þá getur Sölutrust verið eins konar „öryggistjóri“ fyrir minni fyrirtæki, en flest stærri fyrirtæki eru í dag með öryggistjóra sem passar að öll þessi mál séu í lagi og vinnum við einnig náið með þeim.“

Fyrir fyrirtæki í iðnaði erum við svo með sérhæfðari öryggisbúnað eins og stærri slökkvitæki og fyrstu hjálp fyrir bruna og augnskol auk þess sem við seljum mengunarvarnir, eins og mengunarvarnir fyrir olíu, bæði forvarnir eins og lekabretti fyrir olíutunnur og einnig búnað til að bregðast við ef það verður mengunarslys, ef olía lekur á gólf eða í sjó eða á líka,“ segir Arnaldur.

Verk og Vit 2026 markar upphaf nýs kafla hjá Sölutrust


„Við munum nýta Verk og Vit sýninguna til að kynna bæði nýjar vörur og þjónustu sem við höfum verið að undirbúa síðustu mánuði og verðum að vinna í alveg fram að sýningunni,“ segir Arnaldur. „Við ætlum að kynna betri heildarþjónustu í öryggismálum, nýjar gerðir hjartastuðtækja, nýjar fyrstu hjálpar vörur og svo nýjar gerðir slökkvitækja, meðal annars slökkvitæki sem þurfa ekki kostnaðarsamar þjónustuskóðanir og munu þannig spara fyrirtækjum mikinn rekstrar-kostnað. Á sýningunni er markmið okkar að kynna nýjungar sem auka öryggi, einfalda ferla við að tryggja öryggi og spara rekstrar-kostnað fyrir fyrirtæki. Þetta eru vörur og lausnir sem við erum virkilega spennt að kynna fyrir fyrirtækjum.“ Arnaldur segir að þau hjá Sölutrust séu spennt fyrir þátttökunni á Verk og Vit sýningunni 2026 og að fá tækifæri til að kynna allar þær nýjungar sem eru framundan hjá fyrirtækinu. „Við lítum á það þannig að þátttaka Sölutrust í Verk og Vit sýningunni muni verða upphaf nýs kafla hjá okkur. Stór hluti af því er að bæta við vörum og þjónustu ofan á þann 20 ára grunn sem Sölutrust hefur og munum við kynna hann með pomp og prakt á sýningunni.“



Góðar stundir



Perluskel
Þvermál: 2.3m
Rúmar: 8 manns



Sauna

Fullbúnir og fallegir saunaklefar




Pottar

Heitir og kaldir



Sindraskel

Tilvalin í ferðabjónustuna



Lok

og aukahlutir fyrir pottaferðina

trefjar.is

Óseyrarbraut 29, Hafnarfirði

Hafðu samband
550 0100
sala@trefjar.is





„Atvinnurekendum ber að sjá til þess að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaði,” segir Hanna Sigríður.

Öryggi og vellíðan starfsfólks leggur grunninn að árangri vinnustaða



Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, forstjóri Vinnueftirlitsins.

Vinnueftirlitið hvetur vinnustaði landsins til að gera öryggi og vellíðan starfsfólks að sjálfsgöðum hlut af daglegri starfsemi. „Þegar okkur líður vel og erum örugg eru meiri líkur á því að við eigum heilbrigð samskipti, sýnum ábyrgð í starfi og náum árangri saman,” segir Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, forstjóri Vinnueftirlitsins.

Vinnueftirlitið tók þátt í Verk og Vit árið 2024 til að eiga beint samtal við ólíka vinnustaði um mikilvægi vinnuverndar. Hanna Sigríður segir samtöl sem þessi geta haft raunveruleg áhrif, kveikt nýja sýn og hvatt vinnustaði til að leggja áherslu á öryggi og vellíðan starfsfólksins. „Við hlökkum til að halda þessari vegferð áfram á Verk og vit 2026.”

Hanna Sigríður bendir á að flest séu vön því að meta áhættu í daglegu lífi, hvort sem það er með því að skoða veðurspána áður en börnin fara út, festa sætisbelti í bílnum eða ganga úr skugga um að dekkinn sé í lagi miðað við færð á vegum. Hún segir að það sama ætti að gilda þegar kemur að því að meta áhættu á vinnustaðnum.

„Atvinnurekendum ber að sjá til þess að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaði,” segir Hanna Sigríður og leggur áherslu á að það þekki enginn vinnustaðinn betur en þau sem þar starfa og því er þátt-

taka starfsfólks lykilatriði. „Ekki aðeins til að greina áhættur heldur líka til að skapa öruggt og aðlaðandi starfsumhverfi þar sem hugað er að bæði líkamlegu og sálfélagslegu öryggi og vellíðan.

Mikilvægt er að bæði stjórnendur og starfsfólk eigi virkt samtal um öryggi og vellíðan þannig að það verði hluti af heilbrigðri vinnustaðamenningu. Þegar traust ríkir verður eðlilegt að spyrja sig spurninga eins og eru samskiptin í lagi, er brandarinn á kaffistofunni viðeigandi eða þarf ég nýjan hjálm,” segir Hanna Sigríður.

Hún er ekki í nokkrum vafa um það að þegar starfsfólki líður vel og upplifir sig öruggt, þá skilar það sér í betri þjónustu, meiri metnaði og jákvæðum áhrifum á orðspor og árangur vinnustaðarins.

„Stjórnendur þurfa að ganga á undan með góðu fordæmi, en ábyrgðin er ekki einungis þeirra. Við berum öll ábyrgð á því hvernig við komum fram hvert við annað og hvernig við leysum verkefni okkar,” bætir Hanna Sigríður við.

Bregðumst við áður en það verður um seinan.

Þegar komið hefur verið auga á hætturarnar í vinnuumhverfinu þarf að meta hversu alvarlegar afleiðingar þær geta haft og hversu líklegt það er að þær raungerist.

„Við skulum ekki láta hjá líða að

bregðast við. Það er alltaf best að grípa til nauðsynlegra forvarna þegar í stað,” segir Hanna Sigríður. „Komi hins vegar í ljós að ekki er hægt að bregðast við öllum áhættunum á sama tíma þarf að forgangsraða þeim. Mikilvægt er að bregðast fyrst við hættum sem geta valdið mestum skaða og eru líklegastar til að verða að veruleika og vinna sig svo áfram niður listann.” Hanna Sigríður segir ljóst að þegar fólk upplifir óöryggi eða vanlíðan í vinnu aukist líkur á mistökum og erfiðum samskiptum. „Vinnuslys má oft rekja til manlegra mistaka og viljum við gera allt til að stuðla að því að umhverfi starfsfólks sé öruggt og heilbriggt. Þannig má draga úr líkum á slysum og óhöppum. Það er á ábyrgð allra sem vinna á vinnustaðnum að tryggja slíkt umhverfi því enginn vill þurfa að standa í þeim sporum að tilkynna nánnum aðstandendum að slys hafi orðið sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir með einföldum og markvissum forvarnaaðgerðum,” segir Hanna Sigríður.

Vinnuumhverfið tekur sífellt breytingum.

Nútímavinnustaðir eru í stöðugri þróun þar sem nýtt starfsfólk bætist við, ný tækni er tekin í notkun og verkferlar breytast. Þess vegna þarf áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaði að vera lifandi skjal sem er í sífelldri endurskoðun og þróun. „Að byggja upp

og viðhalda öryggi og vellíðan er ekki verkefni sem við klárum einu sinni og geymum ofan í skúffu. Þetta er ferli sem krefst viðvarandi athygli alla daga,” segir Hanna Sigríður.

„Finna má skemmtilegar og einfaldar leiðir til að virkja starfsfólkið með í ferlið. Sem dæmi má setja upp dagatal með sérstökum dögum tileinkuðum öryggi og vellíðan þar sem til að mynda mætti fara yfir öryggisbúnað véla, öryggisblöð efna, hafa hrósdag eða jafnvel brosdaga til að minna á mikilvægi jákvæðra samskipta,” leggur Hanna Sigríður til. Hún segir líka áhrifaríkt að byrja vinnudaginn á því að staldra við, fara yfir verkefni dagsins og spyrja hvaða hættur geta verið í vinnuumhverfinu í dag.“

Til að auðvelda vinnustöðum gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði hefur Vinnueftirlitið látið útbúa ýmiss konar stöðefni í formi fræðslumyndbanda, spurningakönnunar auk dæma um sniðmát sem vinnustaðir geta nýtt sér og má finna efnið á vefsíðu Vinnueftirlitsins.

„Vel unnin og lifandi áætlun um öryggi og heilbrigði leggur grunninn að öryggi og vellíðan starfsfólks og kemur þannig í veg fyrir slys og vanlíðan,” segir Hanna Sigríður og bætir við að lokum að það sé til mikils að vinna fyrir öll á vinnumarkaði að hlúa að vinnuvernd því öll viljum við koma heil heim, starfsævina á enda.

Við erum þekkingardrifið ráðgjafafyrirtæki

Hjá okkur starfa ráðgjafar með viðamikla reynslu í gæða-, öryggis-, umhverfis- og heilsumálum.

Við vinnum með öflugustu fyrirtækjum landsins bæði í hönnun, verklegum framkvæmdum og hefðbundnum rekstri. Í samvinnu við viðskiptavinum okkar vinnum við að greiningu, mótun og innleiðingu margvíslegra lausna sem skila fyrirtækjum skilvirkari, sjálfbærari og öruggari rekstri.

Við erum sérfræðingar í:

- skjalastjórnun og skilgreiningu lykilferla í rekstri
- öryggis-, gæða- og umhverfisstefnum
- atvikastjórnun og rótargreiningum
- áhættugreiningum og aðgerðaráætlunum
- skilgreiningu umhverfisþátta í starfsemi
- að uppfylla lagalegar kröfur
- öryggisskoðunum og stöðuúttektum
- ISO stjórnkerfum
- markmiðasetningu
- öryggisþjálfun
- innri úttektum

Öryggisnámskeið á netinu

Öryggisnámskeið SSG eru stöðluð, gagnvirk og skemmtileg námskeið sem fara fram á netinu. Með lausnum SSG geta fyrirtæki haldið utan um hæfni starfsmanna og verktaka og þannig tryggt að allir sem þar starfa búi yfir sömu grunnþekkingu í vinnuöryggi.

Fyrirtæki geta svo í innri kerfum SSG búið til sín eigin vefnámskeið sem leggja áherslu á menningu, gildi og reglur fyrirtækisins, ásamt sértækum áhættum, aðstæðum og upplýsingum um vinnuumhverfið.

Grunnnámskeið SSG endurspegla íslenskan veruleika og eru í boði á átta tungumálum.

- íslensku
- ensku
- pólsku
- litháísku
- rúmönsku
- eistnesku
- lettnesku
- portúgölsku



SSG®

Framleiða lausnir frá grunnni að fullbúinni vöru

Astríða okkar er að framleiða lausnir fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Brynjar Húnfjörð, framkvæmdastjóri Íslandshúsa. „Það drífur okkur áfram að vinna með viðskiptavinum í að finna lausnir á þeim verkefnum sem þeir eru að kljást við. Þannig hefur langmest af okkar vöruúrvali orðið til og framleiddum við margar nýjar vörur á hverju ári.“

Íslandshús er nýsköpunarfyrirtæki í eigu fedganna Óskars Húnfjörð og Brynjar Húnfjörð. Fyrirtækið er staðsett á Ásbrú í Reykjanesbæ og sérhæfir sig í forsteyptum einingum og tengistykkjum úr heitgalvaniseruðu eða ryðfríu stáli. Óskar og eiginkona hans Brynja, sem eru bæði byggingafræðingar, stofnuðu félagið fyrir 13 árum og Brynjar sonur þeirra kom inn í fyrirtækið fyrir 7 árum og reka þeir fedgar fyrirtækið saman í dag.

„Við erum að framleiða hágæða vöru sem við hönnum frá grunnni,“ segir Óskar. „Hér í þessu fyrirtæki er allt unnið innanhúss, við hönnum vöruna í þrívídd og við hönnum og smíðum mótin sjálfir. Mótin eru stálmót og þá erum við með járnabindingu í öllu því sem við framleiddum og svo erum með okkar eigin steypustöð.“

Óskar segir að það hafi verið mikill vöxtur í fyrirtækinu. „Við höfum í gegnum tíðina verið með 20-30 prósentu aukningu milli ára en á síðasta ári vorum við með 50 prósentu veltu aukningu. Stígandinn hefur verið í mjög góðum takti í þessum rekstri okkar.“

Markmiðið er að framleiða vöru sem er betri en sú vara sem er á markaðnum,“ segir Óskar. „Þá er ég ekki að segja að það séu allt slæmar vörur á markaðnum heldur erum við ekki að „kópera“ aðrar vörur heldur að vinna með viðskiptavinum við að finna nýjar lausnir á þeim verkefnum sem þeir eru að vinna. Við leggjum mikla áherslu á að varan sé meiri gæði og virki betur fyrir verkefnið. Þannig höfum við verið að hanna þrjár til fimm nýjar vörutegundir á hverju ári, oft með viðskiptavinum, auk þess höfum við séð þörf fyrir vöruna á markaðnum.“

Ljósálfurinn lýsir upp strandlengjuna

Ein af þessum vörum er Ljósálfurinn en hann er hannaður með það í huga að geta staðið af sér veðurálag á gangstíg við strandlengjuna í Reykjanesbæ. „Hugmyndin var að hanna ljósastólpa sem hentar aðstæðum bæði hvað varðar nota-



Fyrsti ljósálfurinn kominn upp við strandlengjuna í Reykjanesbæ.

gildi og langtíma endingu,“ segir Óskar. „Það er lítil ljósmengun af honum því hann beinir ljósinu niður á við á stíginn og svo er gat í gegnum hann svo það kemur ljósskíma á varnargarðinn fyrir aftan. Hann er einnig ótrúlega sterkbyggður en í hann er notuð ofursteypa sem er í kringum fjórum sinnum sterkari en sökkulsteypa í húsum. Stólpinn kemur tilbúinn frá okkur með innbyggðum tengikassa og LED ljósabúnaði sem er hannaður í samstarfi með Hildiberg ljósaðhönnun.“

Ljósálfurinn er hægt að fá bæði með logo sveitarfélaga og stofnana og einnig ómerkta og eru þeir 60 cm háir. „Þetta er öflug og góð vara upp á endinguna og kostar því lítið per ár,“ segir Óskar.

„Þetta er frábært dæmi um hvernig við vinnum með viðskiptavinum í að finna lausn

á þeirra verkefni. Þessi samtöl sem við eigum með viðskiptavinum eru gríðarlega mikilvæg í að skilja þarfir þeirra. Þarna kemur Verk og Vit sýningin einnig sterkt inn,“ segir Brynjar. „Þar fáum við tækifæri til að eiga óformlegt spjall við núverandi og nýja viðskiptavinum. Burt frá amstri dagsins er hægt að kynna núverandi framleiðslu ásamt því að ræða möguleika framtíðarinnar. Við náum að eiga þar gott spjall og út

úr því koma oft góðar hugmyndir. Viðskiptavinir sjá hvað við erum færir um að gera og þeir fá einnig hugmyndir um hvernig þeir geta nýtt okkar lausnir í þeirra verkefnum. Þetta býr til gott tengslanet og í mörgum tilfellum þá kemur samstarfsverkefni út úr samtalinu.“

Þátttaka á Verk og Vit erfiðisins virði

„Við höfum tekið þátt í Verk og Vit tvisvar sinnum áður,“ segir Brynjar. „Það er okkur mjög minnisstætt að eftir fyrsta skiptið þá vorum við tvístíga með að taka þátt aftur í slíkri sýningu. Við vorum einfaldlega svo þreyttir eftir að hafa talað stanslaust í fjóra daga ásamt þeirri fyrirhöfn og kostnaði sem þetta hefur í för með sér.“

Brynjar segir að eftir sumarið hafi þó verið ljóst að þeir myndu taka aftur þátt í næstu sýningum. Augljóslega hafði þátttaka á Verk og Vit skapað mikil viðskipti. „Við fundum fyrir auknum áhuga á fyrirtækinu almennt og einnig í þær vörur sem við höfðum sýnt. Við fengum fjölmargar pantanir og einnig mörg verkefni í að hanna nýjar lausnir sem við brennum fyrir. Áhrifin voru svo lengi vel á eftir og sum verkefni komu inn ári eftir sýningu.“

Þetta er spennandi vettvangur fyrir fyrirtæki eins og okkur því lausnir okkar eru svo margvíslegar að erfitt getur verið að kynna þær heildstætt á annan máta. Markhópurinn á sýningunni er einnig okkar kjarna markhópur og gott að ná þeim öllum á einum stað og hafa tíma til að geta tekið spjallið við hvern og einn,“ segir Brynjar og bætir við að lokum að þeir hafi því ákveðið að tvöfalda sýningarplássid á næstu sýningu. „Við erum með plön um að koma með nýjar og spennandi lausnir sem eru í vöruþróun sem er of snemma að segja frá núna.“

Óskar og Brynjar Húnfjörð, eigendur Íslandshúsa.





Gæði og þjónusta í 53 ár

Áratuga reynsla er af Westcoast gluggum á Íslandi
Gluggar sem standast Íslenska veðráttu.

Slagregnsvottaðir í 1200 Pa.

Fyrirspurnir á husagerdin@husagerdin.is

Nánar á www.westcoastwindows.com

www.husagerdin.is

Húsagerðin hf. Síðan 1972

HÚSAGERÐIN HF.

Húsagerðin hf • Iðavellir 14a • 230 Reykjanesbær • 610472-0369



Þróunarsvæði K64 í Helguvík-Bergvík.

Mikilvægt að hugsa þetta í stóru myndinni

Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, leiðir samstarf íslenska ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll. Mikil uppbygging er fyrirhuguð á svæðinu og framkvæmdir þegar hafnar.

„Við erum með þó nokkuð mörg þróunarsvæði sem eru með frekar ólíkan karakter,“ segir Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco. „Meðal þess er íbúðarsvæði á Ásbrú, gamla varnarliðssvæðinu, en þar er verið að fara að þetta byggð. Það er mjög spennandi verkefni að bæta í íbúðaflokkun og fjölga búsetukostum á Suðurnesjunum.“

Pálmi segir að undir formerkjum K64, sem er nafn á þróunaráætlun fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar, séu nokkur iðnaðarsvæði. Þróunarvinna er langt á veg komin á vistvænu atvinnusvæði sem rísa á í Helguvík-Bergvík. „Það er búið að stilla upp hvaða starfsemi á að vera hvar í hringrásar iðngarðinum. Þetta er gríðarlega stórt iðnaðarsvæði í Helguvík sem er Reykjanesbæjar megin og Bergvík sem er Suðurnesjabæjar megin. Þetta er mjög spennandi samstarfsverkefni okkar og sveitarfélögunna.“

Af öðrum svæðum í K64 þróunaráætluninni nefnir Pálmi að inni á Ásbrúarsvæðinu séu einnig

minni iðnaðarsvæði þar sem m.a. Algalíf og Íslandshús hafa aðstöðu. Hann nefnir einnig Patterson svæðið, sem er gamall flugvöllur sem hefur ekki verið notaður í hálföld, en þar er gagnaferið hjá Atnorth og verið er að tala við hollenska þörungaframleiðendur sem vilja staðsetja sig þar.

„Uppbygging er fyrirhuguð á svæði sem tengist flugvöllinum meira en það er svæði á Ásbrú sem liggur upp að mörkum flugvallarins,“ segir Pálmi. „Þar eru mjög spennandi lódir þar sem fyrirtæki geta staðsett sig innan sem utan girðingar, eða airside landside eins og það er kallað. Það er næsta skipulagsverkefni sem við erum að fara að setja af stað og er mjög spennandi verkefni að nýta innviði flugvallarins enn betur og koma meiri flugvallartengdri starfsemi á það svæði,“ segir Pálmi.

Geta tekið við 1000 íbúðum á næstu árum

Pálmi segir að kostir Ásbrúarsvæðisins séu að gatnakerfið sé til staðar sem og veitur. „Það er deiliskipulagsferli í gangi með fjögur svæði sem geta tekið við 1000 íbúðum á næstu árum. Síðan eru enn fleiri svæði til staðar þegar þeirri uppbyggingu er lokið,“ segir Pálmi. Á svæðinu í kringum Aðaltorg í Reykjanesbæ er líka fyrirhuguð að byggja íbúðarhúsnæði en þar eru í gangi fram-

kvæmdir við nýja verslun Nettó en fyrir var á svæðinu Marriot hótél. Pálmi segir að þróunaraðili Aðaltorgs vinni það svæði í takt við þróunaráætlun K64.

„Þetta byggir allt á því að Keflavíkurflugvöllur skapar mikið af störfum og er með mjög metnaðarfulla uppbyggingaráform og mun halda áfram að skapa störf og eflast sem millilandaflugvöllur til framtíðar. Við erum líka að styðja við þá uppbyggingu og fá sem mest út úr þeim tækifærum sem flugvöllurinn skapar,“ segir Pálmi.

„Við erum ríkisfélag sem er með umboð fyrir land ríkisins, en hér á svæðinu er mikið land í eigu íslenska ríkisins. Við erum bæði að nýta tækifærin sem flugvöllurinn skapar og sömuleiðis að draga úr áhættunum; ef eitthvað gerist í fluginu, t.d. eins og gerðist í Covid þá er höggið fyrir þetta samfélag mikið. Við erum að reyna að vera með fleiri körfur undir eggin heldur en hefur verið.“

Styðja við samfélagsþróun

„Við höfum alltaf lagt mikla áherslu að hugsa þetta í stóru myndinni. Hér er verið að efla atvinnutækifæri og búsetukosti og samhliða því þarf að skoða m.a. hvernig Reykjanesbrautin lítur út til framtíðar, hvernig sköpum við skjól á svæðinu og betri úti-vist. Það hafa farið af stað nokkur verkefni síðan við höfum þessa vegferð m.a. hönnun á köflum af



Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco.

Reykjanesbrautinni og þá höfum við verið að skoða almennings-samgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar.“

Aðspurður um jarðhræringarnar á Grindavíkarsvæðinu segir Pálmi að mikilvægt sé að styrkja innviðina, þ.e. samgöngukerfið, dreifikerfi raforku og vatnsveitu. „Þetta snýr allt að samfélagsþróun og við erum að styðja við hana í okkar vinnu.“

Landið undir flugvöllinum er hins vegar allt öðruvísi en hinn hluti Reykjaneskagans; það liggur herra svo það er engin hætta af hraunflæði. Hins vegar þarf að styrkja innviðina og er lagning Suðurnesjalínu 2 hluti af þeirri vinnu. Einnig Reykjanesbrautina, en stutt er þar til framkvæmdir hefjast við tvöföldun hennar að flugstöðinni. Einnig er búið að setja upp neyðarhitaveitu á tveimur stöðum hér á svæðinu, þannig að það er verið að styrkja kerfið í heild sinni,“ segir Pálmi að lokum.

Fræðsla fyrir fagfólk í iðnaði

Kynntu þér þjónustu Iðunnar og fjölbreytt úrval vandaðra námskeiða fyrir fagfólk í bygginga- og mannvirkjagreinum.

Fjölbreytt þjónusta í boði:

- Fræðslugreining
- Staðbundin námskeið og vefnámskeið
- Sérniðin fyrirtækjanámskeið
- Námsráðgjöf
- Raunfærnimat

www.idan.is



Láttu okkur sjá um rekstur húsfélagsins!

 Framúrskarandi fyrirtæki 2024

 2021-2024 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Væðingaráætlun 2024

eignaumsjon.is

Við erum leiðandi fyrirtæki í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög fasteigna og búum yfir víðtækri þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa eftir aldarfjórðungs starfsemi.

Við leggjum áherslu á hlutlausu nálgun, gæði, öryggi og skýra verkferla sem skila viðskiptavinum faglegum og fjárhagslegum árangri.

Þjónustuverið svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.



Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

 **EIGNAumsjón**
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30 | Sími 585 4800 | 108 Reykjavík



Freyja Auðunsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Trefja, við saunuklefa og tunnur sem fyrirtækið hefur til sölu.

Íslendingar spenntir fyrir saunum og heitum pottum

Trefjar eru rótgróið fyrirtæki í Hafnarfirði sem verða á ný með sýningarými á Verk og vit. Síðast stilltu þau upp stærðarinnar potti og vandaðri saunu. „Þetta vakti mikla athygli og til stendur að endurtaka leikinn og bæta jafnvel um betur og setja upp pergólu í höllinni,“ segir Freyja Auðunsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Trefja. Hún segir Íslendinga spennta fyrir þessari nýjung í vöruúrvalinu því allir séu jú að leita leiða til að skapa skjól í garðinum.

„Við fögnum því að fá tækifæri til að sýna vöruna okkar á sýningunni Verk og vit. Eftir þátttökuna síðast fengum við ótal fyrirspurnir og mynduðum ný tengsl. Við höfðum t.d. nýlega hannað og smíðað stærsta pott sem framleiddur er á landinu svo okkur þótti tilvalið að sýna hann á Verk og vit. Ferðaþjónustuaðilar víðs vegar af landinu höfðu hvatt okkur til að bjóða upp á stærri pott fyrir hótél, gististaði og sundlaugar og til varð Sindraskel, 15 manna pottur sem hefur bæði verið útbúinn sem hitaveituskel og rafhitaður pottur. Eina umkvörtunarefnið sem við fengum á sýningunni var að gestum fannst vanta vatn í pottinn svo hægt væri að láta fara enn betur um sig á básnum,“ segir Freyja og brosir.



Harpa saunuklefinn er flottur.

Hafa framleitt potta í ein 40 ár
Fjölskyldufyrirtækið í Hafnarfirðinum var stofnað 1978 og hefur frá upphafi sérhæft sig í framleiðslu á vörum úr trefjaplasti. „Við höfum framleitt allt frá færa-kössum og fiskeldiskerjum upp í stóreflis fiskibáta en pottaframleiðslan hófst fyrir um 40 árum. Við bjóðum upp á 14 tegundir af pottum af öllum stærðum og gerðum svo það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fólk er líka ánægt með að geta valið lit og aukabúnað og hvort settir séu fætur undir pottinn og þess háttar. Í raun má segja að hver pottur sé sérsmíðaður í verksmiðjunni hjá okkur.“

Saunurnar vinsælar
Saunur hafa rutt sér til rúms og eru að verða jafn sjálfsögð viðbót

við garðinn og heitu pottarnir, enda heilsubót sem um munar. Trefjar verða einnig með saunu á sýningunni 2026. „Fyrir fimm árum hófum við innflutning á saunum frá Auroom í Eistlandi. Þar eru sérfræðingar í hverju horni og hugað að hverju smáatriði,“ segir Freyja.

Notaður er sérstakur hitameðhöndlaður viður í saunurnar frá Auroom sem gerir klefana viðhaldsléttu og endingargóða. Hitameðhöndlunin er gerð án allra skaðlegra efna, eingöngu með hita og raka. „Þessar saunur hafa fengið mjög góðar viðtökur og reynst vel. Látlaus og nútímaleg hönnun skemmir heldur ekki fyrir.“

Freyja segir nokkuð hafa verið um það undanfarið að óskað hafi verið eftir sérsmíðuðum saunum.

„Nýlega afhentum við eina slíka með hvíldarherbergi og baðherbergi. Viðskiptavinurinn vildi fá hana samsetta og tilbúna til notkunar og hífða inn í garð. Möguleikarnir eru endalausir.“

Þau í Trefjum hönnuðu sjálf saunu sem er kölluð Harpa. Hún rúmar allt að sex manns og er með stórum útsýnisglugga. „Við leitumst við að útbúa hana sem allra best fyrir íslenskar aðstæður, með einangrun og góðu þaki og hægt er að fá hana með anddyri til að skýla sér fyrir veðri og vindum.“

Fleiri góðar stundir í garðinum

Margir hafa aðgang að garði eða verönd en nýta hana takmarkað nema yfir hásumarið. „Það eru ýmsar leiðir til að fjölga fjölskyldustundum í garðinum yfir árið. Við bjóðum upp á sérlega vandaðar vörur frá Solo Stove, sem eru þekktastir fyrir hin reyklausu eldstæði sem hafa farið sigurför um heiminn. Við byrjuðum með eldstæði frá þeim fyrir nokkrum árum og höfum svo aukið vöruúrvalið jafnt og þétt. Hægt er að fá grillpönnu yfir eldinn, grillpinna og ýmis áhöld svo ekki sé minnst á pitsaofninn og tilheyrandi aukahluti. Við grípum örugglega með okkur eldstæði til að sýna gestunum á Verk og vit þessa snilldarhönnun á næsta ári.“

Traustur samstarfsaðili í framkvæmdum



Áratuga reynsla í
byggingu gagnavera



Laugarás Lagoon verður
opnað sumarið 2025



Hönnun og umhverfi
haldast í hendur

Mannverk – þar sem hugvit
verður að framkvæmd

mannverk.is



MANNVERK
FRAMKVÆMDIR
OG RÁÐGJÖF



Eyþór Sigfússon, framkvæmdastjóri HSE Consulting.

Ábyrgð fyrirtækja mikil í gæða- og öryggismálum

HSE er ráðgjafa- og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í gæða-, öryggis-, umhverfis- og heilsumálum. Fyrirtækið fagnar 10 ára afmæli á árinu. Í dag telur fyrirtækið átta starfsmenn sem búa yfir fjölbreyttri reynslu. „Við viljum geta þjónustað fyrirtæki í sem flestum geirum á landinu og því er mikilvægt að hafa ólíkan bakgrunn og reynslu. Saman leysum við þau verkefni sem okkur eru fólgin,“ segir Eyþór Sigfússon, framkvæmdastjóri HSE Consulting.

„Reksturinn fer stækkandi og við sjáum fram á að bæta meira við. Aukin vitundarvakning og gagnsæi um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og umhverfismál er jákvæð og það eru greinilega tækifæri fólgin í því að sérhæfa sig í þessum málaflokkum.“

Með margra áratuga reynslu í HSE málum

Eyþór er menntaður umhverfisverkfræðingur frá háskólanum í Álaborg. Hugmyndin að fyrirtækinu kviknaði þegar hann starfaði sem yfirmaður HSE-mála, Health, Safety and Environment, hjá Alvotech, en fram að því hafði hann öðlast mikla og víðtæka reynslu hjá stórfyrirtækjum í alþjóðlegu umhverfi.

Eyþór starfaði eftir útskrift sem verkefnastjóri hjá Shell á Íslandi. „Þar kemur í ljós áhugi minn á skipulagi, ferlum, stjórnkerfum og gæðastjórnun. Mér fannst

mikil hagræðing í því að innleiða þekktar alþjóðlegar starfsvenjur á Íslandi.“ Eftir það starfaði hann hjá Rio Tinto þar sem hann vann í HSE-málum í sex ár, ásamt því að taka þátt í stækkun álversins í Straumsvík. Í framhaldi af þeirri reynslu flutti Eyþór til Noregs, þar starfaði hann fyrst hjá AF Decom, sem er fyrirtæki í olíugeiranum, og síðan hjá Rolls-Royce, þar sem hann starfaði sem framkvæmdastjóri gæða-, umhverfis- og öryggismála í yfir þúsund starfsmanna verksmiðju í Bergen ásamt fjölda starfssöðva fyrirtækisins í Evrópu og Asíu.

Eyþór segir að íslenskt verklag og vinnubrögð séu að mörgu leyti ótrúlega ólík því sem fyrirfinnst hjá stórum alþjóðlegum fyrirtækjum, eins og þeim sem hann vann hjá. „Okkur langar til að hækka viðmiðin hér og það er áskorun sem við höfum ákveðið að takast á við. Ég fékk að kynna hvernig svona stór fyrirtæki nálgast hlutina og leysa áskoranir. Ég fann fljótt á mér að það eru tækifæri til þess að nota þekktar og bestu starfsvenjur til úrlausna allskonar áskorana hér heima án þess að finna upp hjólið. Það er reynslan sem viljum svo gjarnan miðla.“

Mikilvægt er að áherslur á lausnir í gæða- og öryggismálum séu í takt við stefnur og gildi fyrirtækisins.

Eyþór segir að nálgun HSE í gæðamálum felist í raun að einfalda stjórnkerfi viðskiptavina og tryggja

einfalda en markvissa mælikvarða sem nýtast fyrirtækinu í daglegum rekstri. Bæði til stöðugra umbóta og einnig til hagnýtra viðmiða utan fyrirtækis. Slíkt tryggir skilvirka innleiðingu gæðastjórnunar þar sem allir taka þátt.

„Varðandi öryggismálin, þá er er strangara regluverk og einnig þrýstingur frá verkkaupum um öryggiskröfur. En það er verk að vinna við að auka öryggismenningu hér heima, þá sérstaklega í verklegum framkvæmdum þegar það þarf að byggja upp öryggiskúltúrinn á skömmum tíma. Þar vinnur starfsfólk í stuttan tíma á verkstað og mikil breyting getur verið dag frá degi. Því þarf sífellt að vera á tánum og vakta áhættuþætti í starfsumhverfi starfsmanna sinna,“ segir Eyþór.

„Við höfum víðtæka reynslu í verklegum framkvæmdum, allt frá samningagerð með verkkaupa ásamt hjálp við að skipuleggja og undirbúa verktaka áður en vinna hefst á verkstað. Einnig getum við aðstoðað við daglega stjórnun meðan á verkinu stendur með það að markmiði að allir komist heilir heim,“ segir Eyþór. „Okkur finnst við eiga verk að vinna. Ísland er eftir á hvað varðar öryggismál og þurfum við að taka okkur saman og bæta úr. Slíkt krefst samvinnu allra aðila.“

Öryggisþjálfun á netinu á átta tungumálum

HSE er einnig umboðsaðili fyrir SSG, alþjóðlegt fyrirtæki sem er

leiðandi í stafrænni þjónustu fyrir öruggari og sjálfbærari vinnustaði. „Við erum afar stolt af samstarfi okkar við SSG þar sem við bjóðum upp á netnámskeið í öryggismálum á átta tungumálum,“ segir Eyþór.

„Það er gaman að segja frá því að við bjóðum núna upp á nýtt netnámskeið; grunnnámskeið í öryggismálum sem hentar öllum, bæði launuðu starfsfólki fyrirtækja og sjálfstætt starfandi verkðókum. Námskeiðið hjálpar fyrirtækjum og stofnunum landsins að upplýsa starfsfólk sitt um öryggismál með skýrum hætti. Námskeiðið veitir starfsfólki nauðsynlega hæfni áður en hafist er handa við verk dagsins og á tungumáli sem það skilur,“ segir Eyþór.

„Við leggjum ríka áherslu á góða þjónustu og leggjum okkur fram við að vinna náið með viðskiptavinum okkar. Við aðstoðum við skráningu starfsfólks á námskeið og afhendum greinargóð gögn til að veita skýra yfirsýn þjálfunarar. Að auki bjóðum við upp á sérniðin stafræn námskeið sem eru sérstaklega hönnuð fyrir hvert fyrirtæki miðað við þeirra eigin áhættuþætti,“ segir Eyþór og bætir við að lokum. „Við vinnum í þessum málaflokkum 24/7 og erum stöðugt að þróa okkar vörur í samstarfi við SSG. Við hlökkum mikið til að vinna með fyrirtækjum til að tryggja að allt starfsfólk sé vel upplýst um áhættuþætti og praktísk atriði í störfum sínum.“

TJÖRUPAPPI - EINANGRUN - NIÐURFÖLL - LOFTTÚÐUR - FESTINGAR



SÉRFRÆÐINGAR Í ÞAKEFNUM

NIÐURFÖLL
LOFTTÚÐUR
FESTINGAR




POLYGLASS
MAPEI
GROUP



MIKIÐ ÚRVAL
TJÖRUPAPPA
FRÁ POLYGLASS

XPS OG PIR
EINANGRUN



DRANGAHRAUNI 4 HAFNARFIRÐI - THAKEFNASALA.IS
THAKEFNASALA@THAKEFNASALA.IS - SÍMI 837-0303 & 850-4757



BYKO GLUGGAR

GLUGGAR OG HURÐIR SÉRHANNAÐAR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Í áratugi höfum við sérhæft okkur í framleiðslu glugga og hurða sem standast krefjandi íslenskar aðstæður.

Með mikilli reynslu og sérþekkingu hefur BYKO þróað glugga sem uppfylla ströngustu gæðakröfur á markaðnum.

Við leggjum metnað í stöðuga nýsköpun og vöruþróun, sem tryggir að gluggar okkar og hurðir sameini styrk, endingu og fyrsta flokks hönnun.



**ALLAR FREKARI
UPPLÝSINGAR
ERU Á BYKO.IS**



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN